

FRÉTTABRÉF BHS

Útg.: Búnaðarsamband Húnaþings og Stranda

- Höfðabraut 6, 530 Hvammstangi

- Húnabraut 13, 540 Blönduós

10. árg. 8. tbl. 2011

s. 451-2601

s. 451-2602

Heimasíða: www.rhs.is

Ábm. Gunnar Ríkharðss.

netf.: rhs@bondi.is

netf.: rhs@bondi.is

Júní 2011

Heysýni 2011

Þó spretta sé dræm líður að því að huga þurfi að heysýnatöku. Til að fá sem besta yfirsýn yfir heyforðann er gott að taka heysýni. Heysýnin nýtast bóndanum við fóðuráætlanagerð og einnig til að meta ástand túna og áburðarþörf. Best er að taka heysýnin þannig að þau lýsi þeim breytileika sem er í vetrarfóðrinu.

Verð fyrir hefðbundnar mælingar (með steinefnum) kr. 5.300, á hvert sýni án vsk

Verð án steinefna kr. 2.900, á hvert sýni án vsk

Viðbót fyrir NorFor kerfið (aska, sCP, NDF og iNDF kr. 1.500, á hvert sýni án vsk

(Norfórgreining með steinefnum kr. 6.800 á sýni án vsk)

Áætlaður tími frá því sýnin koma í hús hjá LbhÍ þar til niðurstöður fást er 30 dagar.

Þeir bændur sem ætla að láta gera fyrir sig fóðuráætlun í NorFor er bent á að taka verkuð sýni (frekar en hirðingarsýni) svo gerjun sé búin að eiga sér stað og er þá talað um 4-6 vikum eftir að heyinu var pakkað inn.

Styrkir til efnagreininga

Samþykkt var tillaga á síðasta aðalfundi BHS um að veittir yrðu styrkir úr Þróunarsjóði BHS til hey- og jarðvegssýnatöku. Ákveðið var að ef bóndi lætur efnagreina 3 eða fleiri heysýni eða 3 eða fleiri jarðvegssýni þá styrki Þróunarsjóðurinn viðkomandi bónda um 5.000 kr. sem greitt verður skv. yfirliti frá rannsóknarstofu. Einnig fær bóndi þá gerða fyrir sig áburðaráætlun hjá BHS næsta vetur án gjaldtöku. Einhver búnaðarfélög ætla auk þess að styrkja enn frekar sýnatökur sinna félagsmanna. Skorar stjórn Þróunarsjóðs BHS á fleiri aðildarfélög að hvetja sína félagsmenn til að taka hey og/eða jarðvegssýni og veita þeim fjárhagslegan stuðning við það ef mögulegt er.

Hirðingarsýnataka

Sé tekið hirðingarsýni er góð aðferð að ganga hornalínu spildunnar, rétt áður en hirðing hefst, og taka heyvisk í plastpoka á leiðinni. Ágætt er að miða við að heymagnið í sýninu verði um 300-400 g. Merkja þarf hvert sýni með upplýsingum sem koma hér fyrir á eftir og setja sem fyrst í frysti. Best er að geyma sýnin í frystikistunni til loka 1. sláttar og koma þeim þá á skrifstofu BHS sem sér um að koma þeim í greiningu. Sýni af hánni og því fóðri sem seinna er hirt má senda að loknum heyskap.

Hver og einn verður að meta það hversu mörg sýni ástæða er til að taka. Þó þarf að leggja áherslu á að taka sýni úr því fóðri sem notað verður sem uppistaða í fóðruninni næsta vetur. Hægt er að setja saman í sýni hey af spildum með svipuðu gróðurfari og eru slegnar og hirtar á sama tíma.

Merkja þarf sýnin með eftirfarandi upplýsingum:

- Nafn bónda, kennitala og heimilisfang
- Nafn eða nr. spildu
- Dags. sláttar og dags. hirðingar
- Hvort sýnið er af 1. eða 2. slætti
- Hvort heyið er ætlað í rúllur, þurrhey eða vothey
- Hvort sýnið er af túni eða grænfóðri

Betra er að taka sýni af verkuðu heyi ef það er hirt í útistæður. Þeir sem vilja slík sýni og eins þeir sem vilja fá tekin heysýni úr verkuðum rúllum, votheysgryfjum eða þurrheyslöðum geta haft samband í heyskaparlok. Verður það einnig auglýst betur síðar, þegar við snúum aftur úr sumarleyfi.

Lokun í júlí

Samkvæmt venju verða skrifstofur BHS lokaðar í júlímánuði. Opnað verður aftur 2. ágúst næstkomandi. Ef mikið liggur við verður hægt að ná í ráðunauta heima við eða í farsíma. (Gunnar s. 895-4365, Kristján s. 865-5546, Þórður s. 898-3243, Anna Margrét s. 848-6774)

Kuldatíð – nokkur atriði til umhugsunar

Sumarið hefur enn sem komið er svikið okkur um hlýindi og vætu hér í Húnavatnssýslum og á Ströndum. Við höfum þó að mestu sloppið við kal utan fáeina bæi norðan við Hólmavík þar sem kal var umtalsvert. Ljóst er nú þegar í júnílok að árið 2011 verður ekki metár hvorki í afurðum né þá hefyndu eða bygguppskeru.

Enn er fé víða í heimahögum og hefur nokkuð víða borið á því að lömb séu komin með skitu. Hún getur verið tilkomin af nokkrum orsökum, t.a.m. annað hvort ormaveiki eða hníslasótt sem getur blossað upp þegar þröngt er í högum og beit orðin snögg. Rétt er fyrir sauðfjársæmdur að velta fyrir sér að gefa lömbum og jafnvel ám ormalyf áður en þau eru flutt eða rekin á afrétt. Eins er hægt að fá lyf við skitu, t.d. Colinovina hjá dýralæknum sem kunna að hjálpa þeim lömbum sem eru ennþá með skitu. Þetta tvennt getur hugsanlega skilað nokkrum afurðaauka í haust.

Byggakrar eru víðast hvar lítið sprotnir og má búast við að í einhverjum tilfellum muni bygg ekki ná þroska í ár. Byggið þarf einfaldlega um 1.200 daggráður yfir sprettutímamann og ef ekki hlýnar hraustlega í bráð eru litlar líkur á að það náist. Ágæt þumalfingursregla er að ef byggið er ekki skriðið um mánaðamótin júlí/ágúst muni það trúlega ekki skila nothæfu korni. Þá er skynsamlegast að slá byggið og verka sem grænófóður en hægt er að fá ágætt fóður út úr því ef það er slegið fyrir skrið. Ef byggið er skriðið þegar það er slegið í grænófóður eru brögð að því að skepnur fúlsi við því út af titunum, auk þess sem fóðurgildið fellur hratt eftir skrið.

Fyrri sláttur er óvíða hafinn og má gera ráð fyrir því að talsvert minni uppskera verði bæði úr fyrri og seinni slætti víðast hvar. Hafi fé verið lengur en vanalega á ábornum tünnum kann að vera skynsamlegt að bæta á þau einhverjum áburði þegar féð er farið, til að hressa upp á sprettuna. Sú staðreynd að óvanalega margir bændur gáfu upp sín hey í vor og eru því heyllausir, segir okkur að í sumar veitir ekkert af að nýta allar mögulegar slægjur. Enn er einhver tími til stefnu að hressa aðeins upp á aflögð tún með áburði til að auka sprettu og fóðurgildi.

Búfjárfjöldi

Nú er búið að skrá vorskýrslur búfjárefirlits og hægt að skoða fjölda búfjár og þróun í því undanfarin 11 ár á heimasíðunni okkar www.rhs.is. Fénu heldur áfram að fjölga jafnt og þétt í Húnavatnssýslunum en Strandir standa nokkuð í stað. Nautgripum fækkar örliði í A-Hún en fjölgar lítils háttar í V-Hún og er það þróun sem virðist vera búin að standa nú í nokkur ár. Hrossafjöldi er afar svipaður í Húnavatnssýslunum og undanfarin 5 ár og á Ströndum er jafnvægi í bæði nautgripa- og hrossafjölda. Til gamans setjum við hér með mynd af þróun í fjölda sauðfjár undanfarin ár en hægt er að sjá myndir fyrir aðrar búgreinar á heimasíðunni okkar.

